



# Eineltisáætlun



*Í Bláskógaskóla í Reykholti sýnum við hvert öðru vináttu og virðingu  
og líðum ekki einelti*

Endurskoðuð í nóvember 2017

## Efnisyfirlit

Markmið .....	3
Skilgreining á einelti .....	3
Eineltisteymi skólans er skipað af .....	3
Hlutverk hinna ýmsu hópa innan skólasamfélagsins .....	3
Hlutverk nemenda skólans .....	3
Hlutverk umsjónarkennara .....	3
Hlutverk starfsmanna skólans .....	3
Hlutverk foreldra .....	3
Fyrirbyggjandi aðgerðir .....	4
Unnið með nemendum .....	4
Unnið í skólaskipulaginu .....	4
Aðgerðaáætlun .....	4
Grunur um einelti .....	4
Einelti á sér sannanlega stað .....	4
Einelti heldur áfram .....	5
Einelti linnir .....	5
Hjálparviðmið foreldra .....	5
Er barnið þitt lagt í einelti? .....	5
Er barnið þitt gerandi? .....	5
Ráðleggingar til foreldra .....	6

# Eineltisáætlun Bláskógaskóla í Reykholti

## Markmið

- Að stöðugt séu í gangi fyrirbyggjandi aðgerðir vegna eineltis.
- Að þess sé gætt að einelti nái ekki fótfestu í skólanum.
- Að tekið sé strax á eineltismálum ef þau koma upp.

## Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einum sem á erfitt með að verjast. Einelti hefur alvarleg áhrif á nám, líðan og félagsþroska einstaklinga.

Einelti birtist í mörgum myndum. Það getur verið:

- LÍKAMLEGT: Barsmíðar, spörk, hrindingar, o.fl.
- MUNNLEGT: Uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni, o.fl.
- SKRIFLEGT: Neikvæð tölvu- og símasamskipti, krot, bréfasendingar, ummæli á samskiptamiðlum, myndbirtingar, o.fl.
- ÓBEINT: Baktal, útskúfun, útilokun úr félagahópi, o.fl.
- EFNISLEGT: Eigum barns stolið, þær eyðilagðar, fatnaður og eigur faldar, o.fl.
- ANDLEGT: Barn þvingað til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennnd þess og sjálfsvirðingu, o.fl.

## Eineltisteymi skólans er skipað af

- skólastjóra
- sálfræðingi skólans
- aðstoðarskólastjóra
- umsjónarkennara/-kennurum viðkomandi bekkja
- 2 nemendum í viðkomandi bekk/bekkjum

## Hlutverk hinna ýmsu hópa innan skólasamfélagsins

**Hlutverk nemenda skólans** er að koma vitneskju um einelti til umsjónarkennara, annarra kennara / starfsmanna eða skólastjóra.

**Hlutverk umsjónarkennara** er að ræða reglulega við nemendur um einelti, þ.m.t. skilgreiningar á einelti og hvað einelti hefur í för með sér, fylgjast með merkjum um einelti í sínum umsjónarhópi og grípa strax inn í ef grunur vaknar.

**Hlutverk starfsmanna skólans** er að fylgjast með líðan og velferð nemenda og koma vitneskju um einelti sem allra fyrst til umsjónarkennara eða skólastjóra.

**Hlutverk foreldra** er að fylgjast með líðan, námsárangri og félagslegri stöðu barna sinna.

## Fyrirbyggjandi aðgerðir

### Unnið með nemendum

- Kenna nemendum að umbera fjölbreytileika mannlífsins.
- Nemendur fá tækifæri til að tjá líðan sína í skólanum.
- Nemendur fá ART þjálfun, þar sem þeir læra m.a. að setja sig í spor annarra, æfa rétta hegðun og viðbrögð við áreiti, fá siðferðisþjálfun og læra sjálfsstjórn.

### Unnið í skólaskipulaginu

- Skólinn skipuleggur vel alla gæslu í frímínútum, í búningsklefum, í skólabílum og við aðra viðburði á vegum skólans.
- Skólinn skipuleggur reglulega fræðslu til starfsfólks og foreldra.
- Skólinn sér til þess að allir nemendur fá ART þjálfun og þekkingunni sé viðhaldið meðal nemenda og starfsfólks.
- Skólinn gerir reglulega kannanir á líðan nemenda þar sem sérstaklega er spurt um einelti.

## Aðgerðaáætlun

### Grunur um einelti

Vakni grunur um einelti eða berist tilkynning um einelti, taka umsjónarkennari og skólastjóri við málinu og eru ábyrgir fyrir aðgerðum:

- Fylgjast með nemanda í kennslustundum og frímínútum.
- Spyrjast fyrir meðal samstarfsfólks og nemenda.
- Nemendur skrifa/tjá sig um líðan og bekkjaranda.
- Ræða við valda nemendur.
- Gera félagstengslakönnun.
- Hafa samráð og leita upplýsinga hjá forráðamönnum.
- Leggja fyrir spurningalista (Hvar finnast þeir?).

Þegar nægar upplýsingar liggja fyrir þarf að ákveða hvort þörf er á frekari aðgerðum.

### Einelti á sér sannanlega stað

Staðfestist grunur um einelti eru umsjónarkennari og skólastjóri ábyrgir fyrir aðgerðum. Rætt er við þolendur og gerendur og unnið að lausn málsins, til dæmis með eftirfarandi aðgerðum:

- Samstarfi við forráðamenn.
- Vernd gegn frekara áreiti.
- Stuðningi og eftirfylgd sem skólinn getur veitt þolendum og gerendum.
- Bekkjarvinnu og bekkjarfundum.
- Að upplýsa skólasamfélagið.
- ART þjálfun/-upprifjun þar sem einelti er gert sérstaklega að viðfangsefni, hlutverk geranda, þolanda og annarra sem verða vitni að eineltinu.
- Skráningu á einelti (sjá eyðublað).

## Einelti heldur áfram

Takist ekki að stöðva eineltið er skólastjóri ábyrgur fyrir virkjun eineltisteymis sem vinnur að lausn málsins. Unnið er að lausn málsins, til dæmis með eftirfarandi aðgerðum:

- Frekari samvinnu og samráði við forráðamenn þolenda og gerenda.
- Meira eftirliti, viðurlögum.
- Vísa máli til nemendaverndarráðs.
- Brjóta upp gerendahóp.
- Ráðgjöf hjá sálfræðingi og öðrum sérfræðingum.
- Tilkynningu til skólalæknis og/eða skólahjúkrunarfræðings.
- Tilkynningu til lögreglu.

## Einelti linnir

Þegar ábyrgðaraðilar málsins ásamt foreldrum, meta það svo að úrlausn liggi fyrir og eineltið hafi stöðvast, fylgja ábyrgðaraðilar málinu eftir til að vinna úr afleiðingum eineltisins.

- Fylgjast með og vinna að bættri andlegri líðan barna, bæði þolenda og gerenda.
- Hlynna að foreldrum.
- Vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum til að einelti taki sig ekki upp aftur.

## Hjálparviðmið foreldra

### Er barnið þitt lagt í einelti?

#### HUGSANLEGAR VÍSBENDINGAR:

- Barnið virðist einangrað eða einmana.
- Einbeitingarörðugleikar, barnið hættir að sinna námi.
- Barnið neitar að fara í skólann eða hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd eða fer aðra leið.
- Barnið skrópar eða kemur oft of seint.
- Breytingar á skapi, tíður grátur, viðkvæmni.
- Árásargirni eða erfið hegðun.
- Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir.
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát.
- Tíðar kvartanir um magaverk.
- Áverkar, rifin föt, skemmdar eigur.
- Barnið týnir peningum eða öðrum eigum.
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund. • Barnið neitar að segja frá hvað amar að.

### Er barnið þitt gerandi?

#### HUGSANLEGAR VÍSBENDINGAR:

- Barnið er árásargjarnt og sýnir yfiringang.
- Barnið uppnefnir, stríðir og hótar.

- Barnið stjórnar vinum og útilokar úr vinarhópnum.
- Barnið er ógnandi í samskiptum.
- Barnið talar niðrandi um aðra. Hvað geta forráðamenn gert?
- Gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og að slík hegðun er ekki liðin.
- Fylgst vel með barninu og lagt sig fram um að vita hvernig það ver frítíma sínum og með hverjum.
- Haft samband við skólann og fengið aðstoð við að breyta og bæta hegðun barnsins.

## Ráðleggingar til foreldra

Einelti viðgengst oft vegna þess að nemendur vilja ekki vera stimplaðir sem klöguskjóður.

Ræðið við börnin ykkar um mikilvægi þess að segja frá. Með því að segja frá er hugsanlega verið að koma öðrum til aðstoðar sem líður illa.

**EINELTI ER EKKI NÁTTÚRULÖGMÁL!  
HÆGT ER AÐ KOMA Í VEG FYRIR EINELTI MEÐ SAMSTILLTU ÁTAKI.**